

# sikkens

## Alphaloxan Flex

### Teygjanleg síloxan málning



#### Efnislýsing

Alphaloxan Flex er teygjanleg síloxan akrýlmálning (steinsílanmálning), ætluð til notkunar utanhúss. Í Alphaloxan Flex málningunni sameinast bestu eiginleikar steinefna- og plastmálningar; hún hleypir raka vel í gegnum sig en er regnheldin og afar teygjanleg, jafnvel við lágan lofthita. Hún hentar því mjög vel á netsprungnar múrklæðningar og steinsteypu. Alphaloxan Flex er ætluð til notkunar jafnt á slétta sem grófa fleti. Framleiðendur múrklæðninga mæla eindregið með síloxan málningu á öll múrkerfi, bæði við nýmálun og endurmálun.

#### Meðhöndlun

##### Nýmálun

Tryggið að yfirborðið sé laust við ryk og önnur óhreinindi. Ráðlegt er að grunna fyrst ómálaðan múr sem stendur áveðurs með Mur-Sílan (mónósílan). Berið Alpha Aquafix Opaque eða Professional Microdispers á mjög gljúpa og illa bundna fleti. Málið síðan tvær umferðir af Alphaloxan Flex.

##### Endurmálun

Tryggið að yfirborðið sé laust við ryk og önnur óhreinindi. Málið síðan tvær umferðir af Alphaloxan Flex. Á netsprungna fleti skal grunna fyrst með Alpha Aquafix Opaque áður en málaðar eru tvær umferðir af Alphaloxan Flex. Á stærri sprungur skal grunna fyrst með Alpha Aquafix Opaque og síðan með Alphacoat áður en málaðar eru tvær umferðir af Alphaloxan Flex.

\*Sjá einnig verklýsingarblöð um málun á múrklæðningum, steinsteypu, sprungum og vatnsbrettum á heimasíðu SérEfni.

#### Heilsufars- og umhverfismál

Lokið fötunni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

#### Tæknilegar upplýsingar

**Til notkunar:** Utanhúss  
**Tegund:** Síloxan akrýl  
**Gljástig:** Matt - satín  
**Bindiefni:** Síloxan akrýl  
**Gegndræpi vatns:** 0,016 m  
**Sveigjanleiki:** 300% við 23°C; 80% við 0°C  
**Hiti við málun:** 8-35°C  
**Verkfæri:** Penslar, rúllur eða málningarsprautur  
**Sprautun:** Þynnið mest 15%. Þrýstingur: 160-180 bör. Spíssastærð: 0,017-0,019"  
**Þynning:** Vatn. Mest 5% þegar penslar og rúllur eru notaðar  
**Ráðlögð þykkt:** Þurr: U.þ.b. 100 míkron  
**Yfirmálun:** Eftir u.þ.b. 8-12 klst.  
**Seigja:** 130-140 KU  
**Þéttleiki:** U.þ.b. 1,48 kg/dm<sup>3</sup>  
**Þurrefni:** U.þ.b. 69% af vigt  
**Þekja:** 6-9 fermetrar á lítra. Efnisþörf veltur á undirlagi og aðferð við málun. Mælt er með að prófa efnið á litlum bletti áður en verkið hefst  
**Litur:** Allir litir  
**Pakkningar:** 10 lítra fötur  
**Hreinsun verkfæra:** Vatn  
**Geymsla:** Í þurru, frostfríu rými (5-30°C)  
**Rokgjörn lífræn efni (VOC):** EB hámark fyrir þessa vöru er (fl. A/c) 40 g/l (2010). Inniheldur mest 10 g/l